

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. febrúar 2014  
Tilvísun: UST20140100301/bs

### Húsavíkurhöfn og Bakkavegur á Húsavík - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða veglagningu milli hafnarsvæðis á Húsavíka og iðnaðarsvæðis við Bakka og endurbætur og stækkun flutningsaðstöðu Húsavíkurhafnar við Bökugarð. Fyrirhugaður vegur verður um 2.6 km að lengd að þar af verður um 1.0 km lagður í jarðgöngum.

Efni úr jarðgöngum mun nýtast við breytingu á hafnargarði, sjóvarnir við hafnarsvæðið og til vegagerðar.

Efni í grjótvörn á Bökugarð verður tekið úr opinni námu austan við Jónsnípu sem nýtt hefur verið við lagningu Þeistareykjavegar. Annað efni í styrktar- og burðarlög verður tekið úr opnum námum við Þeistareykjaveg og Katlanámu sem er gömul grjótnáma sunnan golfvallar á Húsavík. Allar þessar námur eru opnar og ófrágengnar.


Fyrirhuguð framkvæmd er ekki á verndarsvæðum. Framkvæmdasvæðið er annars vegar innan þéttbýlis á Húsavík og hins vegar innan iðnaðarsvæðis á Bakka. Á stuttum kafla norðan nyrðri gangamunna og sunnan iðnaðarlóðar mun fyrirhugaður vegur liggja nærri núverandi urðunarstaðar.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru að mestu á núverandi hafnarsvæði og iðnaðarlóð þar sem fyrirhuguð er umfangsmikil mannvirkjagerð á næstu árum. Mannvirki eins og fyrirhugaður vegur mun því ekki valda umtalsverðum breytingum á landslagi í samanburði við mannvirkjagerð á iðnaðarlóð. Efni til framkvæmdarinnar mun koma að hluta úr jarðgöngum og að hluta úr námum sem eru opnar og ófrágengnar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

  
Björn Stefánsson